

| |
|-----------------------------|
| Umhverfisstofnun |
| Áb. <i>SF</i> |
| 29 JUNI 2004 |
| <i>54.52</i> |
| Tilv. <i>UST20040500132</i> |



U S T

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun er ábyrgðingur umhverfisráðs Reykjavíkur.

Stofnunin er ábyrgðingur umhverfisráðs Reykjavíkur.

Stofnunin er ábyrgðingur umhverfisráðs Reykjavíkur.

Stofnunin er ábyrgðingur umhverfisráðs Reykjavíkur.

Stofnunin er ábyrgðingur umhverfisráðs Reykjavíkur.

Stofnunin er ábyrgðingur umhverfisráðs Reykjavíkur.

Stofnunin er ábyrgðingur umhverfisráðs Reykjavíkur.

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

29. júní 2004

Tilvísun: UST20040500132/sf

Sundabraut í Reykjavík, 1. áfangi. Mat á umhverfisáhrifum.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 19. maí sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

Lífriki fjöru og botndýralíf

Ekki voru gerðar sérstakar rannsóknir á lífríki fjöru eða botndýralífi í tengslum við mat á umhverfisáhrifum 1. áfanga Sundabrautar, en með matsskýrslunni fylgja m.a. tvær álitserðir Jörundar Svavarssonar varðandi Kleppsvík og lífríki sjávar þar, dags. 19. apríl 2000 og 24. mars 2004. Í þeirri fyrrnefndu er bent á rannsóknir sem gerðar hafa verið og er vitnað til þeirra að miklu leyti við umfjöllun um lífríki sjávar í matsskýrslunni. Í álitserðinni kemur þó fram að þrátt fyrir nálægð Kleppsvíkur við Reykjavík hefur Kleppsvík verið rannsökuð mjög takmarkað, þó hún hafi að geyma leiru sem að líkindum er mikilvæg fyrir fuglalíf við Innes. Hins vegar hafa farið fram ýmsar rannsóknir á lífríki og á umhverfi í nágrenni Kleppsvíkur, s.s. í Viðeyjarsundi og gömlu höfninni. Í álitserðinni kemur fram það álit að með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum og hugsanlegum áhrifum framkvæmda sé brýnt að eftirfarandi rannsóknir eða aðgerðir fari fram:

1. Straummælingar.
2. Könnun á magni og útbreiðslu dýra í leirum í Grafarvogi.
3. Langtíma vöktun fugla á Grafarvogisleiru.
4. Mat á efnainnihaldi í vef nokkurra valinna tegunda í Kleppsvík/Grafarvogi og ástand lífveranna með tilliti til mengunar.

Gert var straumlíkan af Elliðavogi, Grafarvogi og ósasvæði Elliðaáa en að öðru leyti var ekki ráðist í ofangreindar rannsóknir. Umhverfisstofnun telur hins vegar að full ástæða hefði verið til þess, þrátt fyrir að strandlengjunni í Kleppsvík hafi nú þegar að miklu leyti verið raskað með framkvæmdum og verndargildi botndýrasamfélaga þar að líkindum ekki mikið í dag. Umhverfisstofnun tekur undir ábendingar um gildi leirunnar í Grafarvogi og mikilvægi þess að henni sé ekki raskað en í álitserð Jörundar Svavarssonar dags. 19. apríl 2000 segir m.a.:

„Kleppsvík hefur að geyma fallega og fjölbreytilega leiru með fjölskrúðugu fuglalífi.

Fuglalífið hefur umtalsvert gildi þegar litið er til lífsgæða. Þannig má ótvírátt halda því fram að það sé hluti lífsgæða íbúa í Grafarvogi að njóta fuglasöngs og að sjá flokka fugla við fæðuöflun á leirunni. Einnig hefur umfang leira á Innesjum minnkað umtalsvert á liðnum árum og núverandi flatarmál þeirra er aðeins um 75% af upphaflegri stærð, því margar leirur hafa lent undir uppfyllingu eða verið eyðilagðar á annan hátt. Leiran í Grafarvogi hefur því enn fremur talsvert verndargildi og æskilegt er að halda henni sem óspilltastri. Því ber að fara varlega í frekari nýtingu svæðisins eða í óafturkræfar breytingar á þessu svæði."

Eins og bent er á í álitsgerðum Jörundar Svavarssonar geta framkvæmdir við Kleppsvík haft bæði bein og óbein áhrif á lífríki í för með sér. Bein áhrif felast m.a. í myndun á gruggi, auknu framboðið mengandi efna eða næringarefna sem losna úr þeim jarðvegi sem notaður er, eða breytingum á straumum og sjávarföllum. Óbein áhrif geta verið aukið álag á lífverur vegna mengandi efna, sem verða í meira magni eða verða lengur til staðar vegna breyttra strauma eða breytts viðverutíma sjávar. Þessi áhrif verða mismikil eftir því hvaða valkostur verður valinn. Gerð hábrúar á leið I mun hafa minnst áhrif í för með sér hvað þetta varðar, bæði hvað varðar bein og óbein áhrif. Gerð botnganga á leið I mun hafa áhrif á framkvæmdatíma þar sem göngin verða grafin niður í yfirborð botnsins og má búast við gruggi og aukinni setmyndun samfara framkvæmdum. Leið III mun hafa mest áhrif á lífríki og geta þau áhrif orðið veruleg, enda er gert ráð fyrir að Kleppsvík verði þveruð á miklum fyllingum. Búast má við grugg- og setmyndun við gerð uppfyllinganna, auk þess sem botndýrasamfélög munu fara undir fyllingarnar sjálfar. Samkvæmt straumlíkani sem var gert verða breytingar á straumum óverulegar en Umhverfisstofnun telur að þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við þá útreikninga séu ekki réttar, sbr. kafla um strauma hér að neðan. ***Því hafi ekki verið sýnt fram á að framkvæmdirnar hafi ekki neikvæð áhrif á lífríki í Kleppsvík, einkum leiruna í Grafarvogi og lífríki hennar.***

Umhverfisstofnun bendir á að í umfjöllun um Eyjalausn í matsskýrslu segir m.a. að hagkvæmt gæti reynst að byggja brýrnar á fyllingu sem síðan yrði fjarlægð þegar framkvæmdum lýkur. Ekkert er hins vegar fjallað um hugsanleg áhrif þess á strauma eða lífríki í Kleppsvík á framkvæmdatíma og til langframa. Þá er óljóst hvað átt er við með því að í öllum lausnunum verði leitast við að halda gruggmyndun í lágmarki þannig að dýralíf hljóti sem minnstan skaða af, sbr. kafla. 3.3.2. í matsskýrslu.

Í umfjöllun um mótvægisáðgerðir í matsskýrslu kemur m.a. fram að á framkvæmdartíma verði gruggmyndun lágörkuð með því að afmarka framkvæmdina við ákveðið svæði á hverjum tíma. Þannig muni einungis hluti Kleppsvíkur gruggast í hvert sinn. Hins vegar er engin frekari útfærsla á þessu í matsskýrslu, s.s. áfangaskiptingu, tímasetningu o.fl.

Umhverfisstofnun telur því að umfjöllun um tilhögun framkvæmda sé ófullnægjandi, afleiðingar þeirra á lífríki og náttúru þar af leiðandi ekki að fullu þekktar. Stofnunin telur hins vegar líkur meiri en minni að áhrif þessara þátta verði veruleg, einkum við Eyjalausn.

Laxfiskar (lífríki Elliðaáa)

Með matsskýrslu fylgir skýrsla Veiðimálastofnunar, *Rannsóknir á farleiðum og gönguafferli laxafiska á ósasvæði Elliðaánna 2001 og 2002*. Í skýrslunni kemur m.a. fram að ósasvæði Elliðaáa er afar mikilvægt, bæði seiðum á leið til sjávar og fullorðnum laxi. Því ber að fara varlega í allar framkvæmdir á ósasvæðinu og tryggja að framkvæmdir hafi ekki neikvæð áhrif á lífríki ána. Jafnframt er mikilvægt að þar gæti ekki mengunar. Þetta er ekki síst mikilvægt sökum hnignandi stöðu laxins í Elliðaánum. Veiðimálastofnun bendir á að almennt er best lífríkisins vegna að lágmarka allt rask á ósasvæði Elliðaánna og strandsvæðinu þar utan við.

Umhverfisstofnun telur ljóst miðað við fyrirliggjandi upplýsingar að allir valkostir sem lagðir eru fram varðandi Sundabraut geti haft áhrif á laxfiska. Hins vegar sé ekki fullljóst hversu mikið umfang þeirra áhrifa verður. Þó liggur fyrir að leið III mun valda mestum áhrifum, enda gerir hún ráð fyrir miklum uppfyllingum og mun straumhraði vaxa við þrengingarnar (brúarop). Í skýrslu sinni bendir Veiðimálastofnun á að varúðar er þörf varðandi þá útfærslu sem gerir ráð fyrir landfyllingum í Elliðaárvogi og lágrestri brú. Ekki megi trufla sjávarföll á svæðinu þannig að sjóskipti og innstreymi hreins sjávar til innsta hluta vogarins og í ósum Elliðaánna minnki.

Umhverfisstofnun telur að ekki hafi verið sýnt fram á svo óyggjandi sé að breytingar á straumum verði óverulegar nema við brúarop, sbr. athugasemdir hér að neðan í kaflanum um strauma. Einng sé óljóst hver verði áhrif af þeirri framkvæmdaaðferð við leið III að byggja brýr á uppfyllingum, sbr. athugasemdir hér að framan. Þá bendir Umhverfisstofnun á að í matsskýrslu er enginn samanburður við sambærilegar framkvæmdir erlendis og hvaða umhverfisáhrif þær hafa raunverulega haft í för með sér. Að mati stofnunarinnar þarf að tryggja eðlilega viðkomu stofna í Elliðaánum, en lífríki árinna hefur mikið verndargildi. Benda má á að um er að ræða laxveiðiá innan þéttbýlis og hefur áin ekki síst mikið verndargildi sem slík.

Veiðimálastofnun leggur til í skýrslu sinni að fram fari frekari rannsóknir á gönguafferli laxa vegna lagningar Sundabrautar. Umhverfisstofnun bendir á að áætlaður framkvæmdatími með hönnun er 5 ár samkvæmt matsskýrslu. Framkvæmdir gætu því haft áhrif á laxagöngur í nokkur ár með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Með hliðsjón af því og framangreindu telur Umhverfisstofnun að þörf sé á ítarlegri greinargerð sérfræðinga t.d. frá Veiðimálastofnun varðandi áhrif framkvæmdanna.

Í greinargerð Gísla Más Gíslasonar um áhrif umferðarmannvirkja yfir Elliðavog (fylgiskjal með matsskýrslu) er bent á að æskilegt sé að halda vinnu við gröft á botnefnum og landfyllingum í lágmarki á þeim tíma árs, sem viðkvæmastur er fyrir laxinn, en það geti verið tíminn frá 1. maí til 1. september. Í skýrslu Veiðimálastofnunar segir m.a. að gætt skuli þess að framkvæmdir verði utan göngutíma laxfiska en göngutími sé frá því í maí út september. Framkvæmdaraðili telur þá tilhögun framkvæmda hins vegar nánast ómögulega sökum þess hve um umfangsmikla og dýra framkvæmd sé að ræða. Bendir hann á að mjög dýrt og erfitt yrði að hefja framkvæmdir við Sundabraut og stöðva þær síðan yfir sumartímann. Mótvægisáðgerðir munu m.a. felast í því að gæta varúðar við efnisflutninga á framkvæmdatíma og afmarka mengunarsvæði, sem og að halda vinnu við gröft á botnefnum og landfyllingum í lágmarki frá 1. maí til 1. september.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur nánar fram í matsskýrslu hvað felst í því að halda vinnu við framkvæmdirnar í lágmarki á fyrrgreindu tímabili. Stofnunin telur jafnframt að vart geti verið ásættanlegt, með hliðsjón af hugsanlegum áhrifum á

lífríki, þörf á ítarlegri upplýsingum um gönguáttferli laxa (sbr. ábendingar Veidimálastofnunar) og hnignandi stöðu laxfiska, en að tekið verði fullt tillit til þeirra ábendinga að framkvæmdir verði að vera utan göngutíma laxfiska.

Í framlagðri matsskýrslu er eingöngu fjallað um 1. áfanga Sundabrautar enda hefur Skipulagsstofnun samþykkt þá málsmeðferð. Umhverfisstofnun vill þó vekja athygli á að sá áfangi Sundabrautar sem nú er til umfjöllunar verður að miklu leyti ráðandi fyrir áframhald vegarins, sem mun liggja yfir Leiruvog. Laxveiðiárnar Úlfarsá og Leirvogsa falla báðar í vögin. Leiruvogur (óshólmar Leirvogssár, ásamt strandlengju, fjörum og grunnsævi út að Blikastaðakró) er á náttúruminjasrá vegna fjölbreytts lífríkis, sem og Úlfarsá og Blikastaðakró. Í skýrslu Veidimálastofnunar (framangreindri) er bent á að í Leiruvogi eru aðstæðar aðrar en við ósa Elliðaáa, þar sem miklar leirur eru á fjöru og geti gönguleið lax inn vögin og seiða út því verið afar breytileg eftir hvernig stendur á sjávarföllum. Því er ljóst að sá áfangi Sundabrautar gæti haft í för með sér töluverð áhrif á lífríki.

Gróður

Í umfjöllun um gróður í matsskýrslu segir að svæðið hafi verið kannað af líffræðingunum Magnúsi Björnssyni og Arnþóri Garðarssyni. Í matsskýrslunni segir m.a. að umhverfi vestan og austan Kleppsvíkur sé að mestu leyti mangert og gróðurlendi raskað.

Umhverfisstofnun bendir á sú könnun sem vitnað er til í umfjöllun um gróður vestan Kleppsvíkur tók til 25 ha svæðis í Gufunesi, austan Kleppsvíkur. Ekki var gerð athugun á gróðri vestan Kleppsvíkur, sbr. fylgiskjal með matsskýrslu (*Könnun á fuglalífi, gróðri og náttúruminum á vegstæði Hallsvegar/Sundabrautar, vestan Strandvegar í Gufunesi*) og því lýsir sú könnun sem vísað er til í matsskýrslu ekki áhrifum framkvæmdarinnar á gróður vestan Kleppsvíkur.

Í matsskýrslu er gróðurfari vestan Kleppsvíkur lýst á eftirfarandi hátt:

„Gróðurfar vestan Kleppsvíkur norðan við Miklagarð og við Kleppsmýrarveg er að mestu leyti vallendi og lyngmói. Lúpínu og birki hefur verið plantað í hluta svæðisins og mun birkið hverfa verði leið I fyrir valinu. Ekki fundust hins vegar neinar plöntur á valista né heldur sérstök gróðurlendi.“

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdir við Sundabraut muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif á gróður vestan Sundabrautar enda um að ræða svæði sem er mangert eða er undir áhrifum frá byggð.

Í skýrslu Arnþórs Garðarssonar um fuglalíf, gróður og náttúruminjar á vegstæði Hallsvegar/Sundabrautar, vestan Strandvegar í Gufunesi kemur fram að athugunarsvæðið í Gufunesi er undir sterkum áhrifum frá byggð og hefur því einnig verið raskað með framræslu til túnræktar og fyllingu yfir öskuhauga. Óraskað vallendi (1,2 ha) er þó að finna í brekku og urðarhjalla syðst á svæðinu og á sjávarbakka vestan við túnin. Þá er svolítið votlendi (um 0,6 ha) að myndast í flögum austast á athugunarsvæðinu og í framræsluskurðum í túnunum. Innendar tegundir æðplantna (blómplantna og byrkninga) sem fundust eru allar algengar og slæðingarnir eru allir úbreiddir kringum mannabústaði og ræktarlönd.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa umtalsverð áhrif á gróður austan Kleppsvíkur. Stofnunin telur þó að leggja beri áherslu á að vernda vallendið sem er eina gróðurlendið á svæðinu sem telst vera nokkurn veginn upprunalegt, þrátt fyrir að búast megi við að svæðið verði fyrir áhrifum frá nálægri byggð í framtíðinni. Allir þeir valkostir sem lagðir eru fram til úrskurðar munu raska vallendinu að einhverju leyti. Umhverfisstofnun telur að við framkvæmdir við

Sundabraut ætti að gæta þess að raska vallendinu eins lítið og nokkur kostur er og afmarka framkvæmdasvæðið m.t.t. þess.

Fuglalíf

Í tengslum við mat á umhverfisáhrifum 1. áfanga Sundabrautar var gerð athugun á fuglalífi í Gufunesi. Í skýrslu um þá athugun (Könnun á fuglalífi, gróðri og náttúruminum á vegstæði Hallsvegar/Sundabrautar, vestan Strandvegar í Gufunesi) kemur fram að varpfuglar á svæðinu eru allt algengar og útbreiddar tegundir. Þar segir ennfremur:

„Gera má ráð fyrir að þúfutittlingur og flestir vaðfuglar (aðrir en tjaldur) hverfi þaðan á næstu árum, vegna landslags- og gróðurbreytinga af völdum byggðar, en í staðinn komi skógarþröstur, stari og aðrar borgarfuglar. Framlenging Hallsvegar vestur fyrir Strandveg breytir þessu ferli lítið.“

Með hliðsjón af framangreindu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að framkvæmdir við Sundabraut, óháð því um hvaða valkost er að ræða, hafi umtalsverð áhrif á fuglalíf í Gufunesi.

Í matsskýrslu segir að fuglalíf á svæðinu sé mest við Grafarvogsleiru, Elliðavogsleiru og í Gufunesi og því hafi þessir staðir verið athugaðir sérstaklega. Í tengslum við mat á umhverfisáhrifum 1. áfanga Sundabrautar var hins vegar eingöngu gerð sérstök athugun á fuglalífi í Gufunesi sbr. umfjöllun hér að framan. Við umfjöllun í matsskýrslu um fuglalíf í Grafarvogsleiru er vitnað til greinar Arnþórs Garðarssonar og Ólafs K. Nielsens í Náttúrufræðingnum frá árinu 1989, sbr. tilvitnun í matsskýrslu. Í greininni er lýst niðurstöðum athugana sem gerðar voru 1980-1981 á leirum í Kópavogi og Grafavogi. Í matsskýrslu er ekki vitnað til nýrri rannsókna sem gerðar hafa verið á fuglalífi í Grafarvogi, sbr. skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um náttúruferðir með sundum í Reykjavík frá 1999. Í þeirri skýrslu segir m.a. að á árunum 1997-1998 hafi fuglar einnig verið taldir í Grafarvogi og á fleiri leirum á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við lífríkisrannsóknir vegna Sundabrautar (Arnþór Garðarsson 1998) en ekki er vísað til þeirra rannsókna í matsskýrslu við umfjöllun um fuglalíf í Grafarvogi.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í matsskýrslu að enginn vafi leiki á að leiran í Grafarvogi sé einn mikilvægasti viðkomustaður farfugla á höfuðborgarsvæðinu. Grafarvogur er á náttúruminjaskrá (svæði nr. 126) vegna mikilvægis svæðisins fyrir fuglalíf. Undanfarna áratugi hefur stöðugt gengið á leirur á höfuðborgarsvæðinu, og þar með fæðusvæði fjörfugla, vegna ýmissa framkvæmda, s.s. vegaframkvæmda og landfyllinga. Mikilvægi þeirra leira sem enn eru óraskaðar eykst því stöðugt. Að mati Umhverfisstofnunar hefði átt að afla nýrri gagna eða nýta betur fyrirbyggjandi gögn um fuglalíf á leirunum vegna mats á umhverfisáhrifum Sundabrautar og bera þær niðurstöður saman við niðurstöður rannsóknarinnar frá 1980-1981. Benda má á að í inngangi fyrrgreindrar greinar í Náttúrufræðingnum segir m.a.:

„Leirur í fjarðarbotnum eru oft í hættu af framkvæmdum, einkum vegagerð og uppfyllingum, og ákvarðanir um ráðstöfun þessara svæða þarf stundum að taka með stuttum fyrirvara. Oft er reynt að komast af með einfaldar rannsóknir, sem taka stuttan tíma, og ætlað er að gefa hugmynd um gildi tiltekinnna svæða, m.a. fyrir fuglalíf. Athuganir í Kópavogi og Grafarvogi voru framkvæmdar með það í huga að niðurstöðurnar gætu komið að notum sem viðmiðun fyrir slíkar kannanir.“

Ekki er fjallað sérstaklega um fuglalíf vestan Kleppsvíkur í matsskýrslunni, en í töluvert er t.d. um fuglalíf í vikinni við Háubakka. Ekki er vitnað til rannsókna á fuglalífi Elliðavogsleiru. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um náttúruferðir með Sundum í Reykjavík frá 1999 er talsvert fuglalíf í Elliðavogi þrátt

fyrir að svæðið sé svo til allt raskað og manngert. Meðal annars verpa nokkrir tugir af kríum sunnan smábátahafnarinnar og talsvert af tjaldi, sandlóu, stelk, hrossagauki og þúfutittlingi. **Umhverfisstofnun telur með hliðsjón af framangreindu að umfjöllun um fuglalíf í matsskýrslunni séu ófullnægjandi.**

Í matsskýrslunni segir m.a. að samkvæmt straumlíkani muni framkvæmdir í Kleppsvík og fyllingar þeirra vegna ekki hafa áhrif á strauma, vatnaskipti, seltu og setflutninga í Grafarvogi. Því sé ekki talið að framkvæmdir í Kleppsvík hafi skaðleg áhrif á Grafarvogsleiru og fuglalíf þar. Þá segir í skýrslunni að séð verði til þess að Elliðavogsleira skerðist ekki við framkvæmdir. **Umhverfisstofnun telur að ekki hafi verið sýnt fram á með óyggjandi hætti að framkvæmdir vegna Sundabrautar muni ekki hafa áhrif á strauma, vatnsskipti, seltu og setflutninga, sbr. athugasemdir í kaflanum um strauma hér að neðan.**

Umhverfisstofnun vekur athygli á að með þverun Kleppsvíkur verður reist hindrun fyrir farleiðir fugla, misjöfn eftir útfærslu. Ekkert er rætt um þennan þátt í matsskýrslu jafnvel þó að fram komi að Grafarvogsleiran sé einn mikilvægasti viðkomustaður farfugla á höfuðborgarsvæðinu. **Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að farleiðir fugla að og frá Grafarvogsleirum verði athugaðar, þ.m.t. flughæð og lagt mat á það hvort hábrú eða eyjaleið muni hafa áhrif þar á. Einnig má kanna hvort mismunandi lögun hábrúar geti haft áhrif á það hvort fuglar reyni að vika frá eða flytji sig.**

Náttúruminjar

Eitt friðlýst svæði er í jaðri framkvæmdasvæðisins, þ.e. Háubakkar sem friðlýstir voru sem náttúruvætti 1983 sbr. auglýsing nr. 347/1983. Svæðið er friðlýst vegna jarðmyndana, en þar er að finna þykk setlög sem í eru steingervingar og í surtarbrandslagi er að finna fræ, aldin og frjókorn ýmissa jurtategunda. Lagning Sundabrautar mun ekki raska náttúruvættinu.

Gufuneshöfði er á náttúruminjaskrá (svæði nr. 127) og er svæðinu lýst á eftirfarandi hátt í skránni:

„**Gufuneshöfði, Reykjavík. (1) Ströndin vestur frá Gullinbrú og Gufuneshöfði fyrir vestan og norðan byggð, ásamt fjöru og grunnsævi. (2) Stórgrýttur höfði með jökulminjum og brattri strönd. Kjöríð útivistarsvæði, gott útsýni.**”

Gufuneshöfði og ströndin eru jafnframt skilgreind sem hverfisverndarsvæði í staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024. Um hverfisverndarsvæðið segir í aðalskipulaginu: „**Stórgrýtt strönd, stórbrotið holtalandslag á kollinum.**”

Allir valkostirnir munu raska því svæði sem er náttúruminjaskrá og fellur undir hverfisvernd í aðalskipulagi Reykjavíkur. Svonefnd Eyjaleið mun þó raska svæðinu mest þar sem sú lausn felur í sér gerð jarðganga í gegnum höfðann. Þær mótvægisáðgerðir sem lagðar eru fram í matsskýrslu vegna þessa eru þær að „samráð verði haft við Umhverfisstofnun vegna Gufuneshöfða sem er á náttúruminjaskrá”. Ekki kemur fram í hverju það samráð mun felast.

Grafarvogur er á náttúruminjaskrá (svæði nr. 126) þar sem um er að ræða einn mikilvægasta viðkomustað farfugla, einkum vaðfugla, á höfuðborgarsvæðinu.

Vatnasvið Elliðaár í Elliðaárdal, frá upptökum í Elliðavatni allt til ósa er á náttúruminjaskrá (svæði nr. 124) vegna fjölbreytts lífríkis og útivistargildis svæðisins. Eins og fram hefur komið telur Umhverfisstofnun ekki ljóst hvaða áhrif framkvæmdir muni hafa á lífríki í Grafarvogi.

Í skýrslu Arnþórs Garðarssonar um fuglalíf, gróður og náttúruminjar á vegstæði Hallsvegar/Sundabrautar kemur fram að urðin norðan undir Hamrahverfinu virðist vera einu athyglisverðu náttúruminjarnar þar og sé rétt að tengja hana við óraskað svæði í Gufuneshöfða og Grafarvogi. Urðin er langt frá vegarstæði Hallsvegar en gæti skerst af Sundabraut. Umhverfisstofnun tekur undir þá ábendingu að rétt sé að vanda legu Sundabrautar um svæðið.

Umhverfisstofnun telur ljóst að leið III, Eyjalausn, muni hafa meiri áhrif á náttúruminjar á svæðinu en leið I. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal leita umsagnar og tilkynna stofnuninni um framkvæmdir þar sem hætta er á að náttúruminjum á náttúruminjaskrá sem ekki hafa verið friðlýstar verði raskað. Umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda jafngildir ekki umsögn samkvæmt 38. gr. laga um náttúruvernd og því þarf að leita umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirhugaðar framkvæmdir skv. lögum um náttúruvernd sérstaklega.

Yfirborðsvatn

Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við að ofanvatni verði veitt til sjávar án sérstakrar hreinsunar eða meðhöndlunar en í matskýrslu segir m.a.:

„Yfirborðsvatni af mannvirkjum Sundabrautar verður veitt í fráveitukerfi án sérstakrar hreinsunar eða meðhöndlunar umfram það sem tíðkast almennt. Þannig munu olíuefni, fjölarómatísk kolefni og þungmálmar sem yfirleitt er að finna í ofanvatni geta borist út í sjó, einnig mengandi efni sem borist geta frá mannvirkjum við hugsanlegt sly. Þessi efni hafa líklega einhver neikvæð umhverfisáhrif á sjávarlífriki umhverfis útrásir, en þau áhrif eru ekki þekkt. Um er að ræða hefðbundna ráðstöfun ofanvatns frá gatnamannvirkjum.“

Umhverfisstofnun bendir á að þetta er ekki í samræmi við frágang sem tíðkast orðið við ný umferðarmannvirki þar sem um viðkvæman viðtaka er að ræða og má þar nefna mislæg gatnamót Hringvegar og Víkurvegar og mislæg gatnamót í Mjódd.

Það að eldri umferðaræðar hafi ekki tekið tillit til þessa þáttar eru ekki rök. Þvert á móti hljóta framkvæmdaraðilar að nota tækifærið nú, bæta mengunarvarnir og horfa frekar til þess að slíkar varnir verði tengdar núverandi frárennsliskerfi þegar tæk eru á. Einnig telur Umhverfisstofnun slíkt mjög nauðsynlegt þar sem mengunaróhapp gæti leitt af sér umtalsverðan skaða á viðkvæmu lífríki Elliðaánna sem þegar eru undir miklu álagi, m.a. af mengun ofanvatns. Benda má á að unnið hefur verið að því að draga úr mengunaráhrifum ofanvatns á lífríki Elliðaá með gerð settjarna. Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að í skýrslu Veiðimálastofnunar, *Rannsóknir á farleiðum og gönguáferli laxafiska á ósasvæði Elliðaánna 2001 og 2002*, er bent á mikilvægi ósasvæðis Elliðaáa fyrir lífríki og nauðsyn þess að dregið verði úr mengun. Í skýrslunni segir m.a.:

„Ljóst er að innsti hluti ósasvæðisins, sjálfur ós Elliðaánna er afar mikilvægur seiðum. Þar dvelja þau og aðlagast seltu sjávar áður en þau halda til hafs. Mjög mikilvægt er að þar sé ekki mengun. Mengun í Elliðavogi og mengun sem berst niður árnar getur safnast fyrir í ósnum eftir því hvernig stendur á sjávarföllum. Vitað er að afföll af götum borgarinnar á vatnasvæði Elliðaánna fer í árnar, og er nú unnið að því að hreinsa það vatn með gerð sérstakra settjarna. Einnig falla nokkrar útrásir frá iðnaðarhverfum og stórum umferðaræðum í ósa ána. Slíkt veldur sérstökum áhyggjum. Olíumengun berst af götum og olíuefni fljóta og geta verið í yfirborðslögum einmitt þar sem þekkt er að laxaseiði halda sig. Setja þarf í forgang að hreinsa afföllin á þessu svæði og/eða veita þeim annað. Löng dvöl fullorðna laxins á ósasvæðinu gefur einnig viðbendingu um að svæðið sé mikilvægt. Hraða þarf eins og kostur er að veita holræsurnar úr Elliðavogi, sem og

að minnka hugsanlega mengunaruppsprettu á svæðinu t.d. ætti að flytja mengandi atvinnustarfsemi af svæðinu."

Umhverfisstofnun tekur undir framanritaða niðurstöðu Veiðimálastofnunar og telur ekki ásættanlegt að ekki verði gerðar neinar ráðstafanir til hreinsunar ofanvatns.

Grunnvatn

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umfjöllun um mengun grunnvatns. Stofnunin vísar m.a. til þess að annars vegar er um að ræða hafnarstarfsemi og hins vegar liggur Sundabraut ofan á eða utan í óskipulögðum urðunarstað en þaðan má vænta margvíslegrar mengunar í grunnvatni. Ekki má því búast við nýtanlegu eða verndarverðu grunnvatni á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Því er ekki talið að mengun eða mengunaróhapp tengt Sundabraut hafi áhrif þar á. Undanskilið eru þó hugsanlegt streymi mengunarefna með grunnvatni, sem og ofanvatni, til sjávar.

Straumar

Með matsskýrslu fylgir skýrsla Verkfræðistofunnar Vatnaskila þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum útreikninga á sjávarhæð, sjávarrennsli og sjávarhraða skv. straumlíkani. Samkvæmt þeim niðurstöðum hafa landfyllingar engin áhrif á sjávarhæð. Einnig sýna niðurstöðurnar að ekki er að búast við verulegum breytingum á sjávarrennsli nema þar sem verulegar þrengingar eiga sér stað og óverulegar breytingar verða á sjávarhraða nema í þrengingum við brúarop.

Í framangreindri skýrslu Verkfræðistofunnar Vatnaskila kemur fram að breytingar á sjávarhæð, sjávarrennsli og sjávarhraða eru ekki metnar miðað við núverandi ástand heldur er miðað við að grunnástand sé „ástand samkvæmt aðalskipulagi með höfninni útbyggðri og fyllingum framan við Gufuneshöfðann“. Umhverfisstofnun telur þetta gagnrýnivert. Grunnástand verður að miðast við núverandi aðstæður en ekki aðstæður eins og þær verða í framtíðinni þegar gert hefur verið ráð fyrir framkvæmdum samkvæmt staðfestu aðalskipulagi. Benda má á að meðal fyrirhugaðra framkvæmda samkvæmt aðalskipulaginu eru landfyllingar við Gufunes en unnið er að mati á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda. Samkvæmt matsáætlun verða metin áhrif fyrirhugaðra landfyllinga á strauma og verða sjávarstraumar reiknaðir miðað við núverandi aðstæður borið saman við þær breytingar sem verða í kjölfar landfyllinga. **Mat á breytingum á sjávarhraða, sjávarrennsli og sjávarhæð verður því að miða við núverandi ástand og nauðsynlegt að endurskoða fyrirliggjandi mat á breytingum sem verða vegna Sundabrautar og leggja fram nýjar upplýsingar um þessi atriði.**

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að gerð sé grein fyrir samanlögðum áhrifum allra fyrirhugaðra framkvæmda í Kleppsvík enda má telja að sammögnunaráhrifin skipti verulegu máli fyrir lífríki svæðisins, ekki síst laxastofninn í Elliðaánum. Því beri að nýta þá útreikninga sem gerðir hafa verið fyrir það tilfelli.

Umhverfisstofnun varar við því að framkvæmdaraðili hanni uppfyllingar og op á leið III á þann máta að áhrif á strauma og seltu „rétt sleppi“. Hér er m.a. vísað til þess að í útreikningum sem sýndir eru á bls. 52 og 53 í skýrslunni er miðað við meðalrennsli í Elliðaánum. Umfjöllun í matsskýrslu byggir á líkindaútreikningum sem, hversu góðar sem forsendurnar eru, er ætíð nálgun og öll líkön þarf að aðlaga raunverulegu ástandi. Umhverfisstofnun telur því brýnt að brúarhöft verði höfð umtalsvert stærri en reiknuð nauðsyn miðað við meðalrennsli bendir til. Stofnunin bendir á sérstakt náttúruverndargildi Elliðaánna og Grafarvogs og telur að ef þessi svæði myndu raskast að einhverju leyti, yrði það óbætanlegur skaði fyrir náttúrufar og íbúa Reykjavíkurborgar. Stofnunin leggur til að

fjölbreyttari aðstæður séu kannaðar, m.a. lágmarksstreymi, hámarksstreymi, stórstreymi og smástreymi, áhlaðandi og annað sem til greina kæmi og að því loknu verði brúargöt stækkuð umfram það sem út úr slíkum reikningum kemur.

Umhverfisstofnun telur að í matsskýrslu vanti umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á setflutning innan áhrifasvæðis hennar, s.s. hvort hætta sé á uppsöfnun sets við fyrirhugaðar þrengingar í Kleppsvík samkvæmt leið III.

Útivist og stígar

Umhverfisstofnun telur að umfjöllun í matsskýrslu um útivist og áhrif framkvæmda á útivist sé ófullnægjandi. Stofnunin bendir á að á áhrifasvæði framkvæmdarinnar eru svæði sem skilgreind eru sem opin svæði til sérstakra nota í aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, en í aðalskipulaginu eru öll útivistarsvæði innan byggðar skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota (sbr. skýringarblað AR17, *Heildarskipulag útivistarsvæða*). Gufunesbær er einn þeirra staða þar sem gert er ráð fyrir þjónustu- og upplýsingamiðstöðvum fyrir útivistarsvæði borgarinnar skv. aðalskipulaginu.

Gufuneshöfði er útivistarsvæði fyrir íbúa Grafarvogs, ekki síst íbúa í Hamrahverfinu. Gönguleið liggur um höfðann og einnig er gert ráð fyrir göngustíg neðan við höfðann, meðfram sjónum, við lokafrágang á nýrri frárennislögn sem þar liggur. Leið III mun skerða þetta útivistarsvæði mest og þvera gönguleiðina meðfram sjónum.

Í matsskýrslu segir m.a. að Sundabraut á leið III, þ.e. Eyjalausn, hafi ótvíræða kosti fram yfir aðra valkosti þegar horft sé til útivistarmöguleika. Leiðin bjóði upp á bestu kostina varðandi göngu- og hjólreiðatengsl. Stofnstígar tengist vel meginstígakerfi Reykjavíkur og tengi þar af leiðandi núverandi byggð í Grafarvogi og Borgarholti og framtíðarbyggð við helstu útivistarsvæði borgarinnar. Í matsskýrslunni segir einnig:

„.....upp frá veginum sunnan megin hækki eyjan hratt um 3-4 m en við taki svo eðlilegt og aðlaðandi landslag sem taki mið af landslagi eyjanna í grennd, s.s. Viðeyjar. Á syðri hluta eyjarinnar er gert ráð fyrir göngu- og hjólreiðastíg og að þar geti orðið til skemmtilegt útivistarsvæði.“

Umhverfisstofnun telur að í matsskýrslunni komi ekki fram nægur rökstuðningur fyrir því að leið III bjóði upp á bestu kostina varðandi göngu- og hjólreiðatengsl. Ekki er t.d. í skýrslunni sýnd lega gönguleiða heldur kemur eingöngu fram að gönguleið muni liggja sunnan Sundabrautar (Kleppsmýrarvegur) þar sem göngu- og útivistarsvæði eyjunnar verði sunnan megin á henni. Stofnunin bendir á að samkvæmt matsskýrslu er einnig gert ráð fyrir göngu- og hjólreiðaleið yfir Kleppsvík í hábrúarlausninni. Umhverfisstofnun telur jafnframt að þær hugmyndir sem varpað er fram í matsskýrslu um útivistarsvæði á framangreindri eyju séu illa útskýrðar og óljósar um margt. Í skýrslunni kemur ekkert fram um aðgengi, bílastæði, að- og fráreinar, salerni, eða hvers vegna fólk ætti að sækjast eftir útivist á eyinni, þ.e. hvað hin manngerða eyja mun hafa fram yfir önnur svæði í nágrenninu.

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að lögun eyjunnar liggur þvert á línur landslagsins og stingur þar með í stúf við það. Eyjan tekur ekki mið af lögun Viðeyjar eða annarra eyja í Kollafirði og lagar sig þar með ekki að landslaginu. Ekki kemur fram í matsskýrslu hversu stór eyjan er og hversu stórt svæði verður útfært sem útivistarsvæði.

Samkvæmt matsskýrslu er við útfærslu leiðar I, hábrúar, gert ráð fyrir mismögum hringtorgi á gatnamótum Sæbrautar og Skeiðarvogs/Kleppsmýrarvegur. Gönguleið yfir gatnamótin norðan hringtorgsins og gönguleið yfir Skeiðarvog liggja báðar yfir 4 akreinar.

Umhverfisstofnun bendir á að erfiðleikum getur verið bundið fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur að komast yfir gatnamótin, sérstaklega á annatíma, ef ekki er gert ráð fyrir ljósum á gatnamótunum eða önnur lausn fundin s.s. með gerð göngubrúar eða sérstakra ganga.

Umhverfisstofnun bendir á að engin lýsing er á tilhögun umferðar gangandi fólks og reiðhjóla á gatnamótum Sundabrautar og Sæbrautar. Gera má ráð fyrir að íbúar í nærliggjandi hverfum sækji þjónustu til fyrirtækja norðan Sæbrautar, s.s. Húsasmiðju, IKEA og Bónus og því eðlilegt að hugað verði að gönguleiðum við hönnun gatnamótanna.

Námur

Í matsskýrslu kemur fram að efni verði tekið úr viðurkenndum námum í rekstri í Reykjavík og nágrenni. Þar segir að viðurkenndar námur séu námur sem uppfylla skilyrði laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og annarra laga um námavinnslu.

Umhverfisstofnun bendir á að í lögum er ekki að finna skilgreiningu á „viðurkenndum námum” og framangreint því skilgreining framkvæmdaraðila sjálfs á því hvað telst vera viðurkennd náma. Jafnframt bendir Umhverfisstofnun á að þær námur sem taldar eru upp í matsskýrslu sem námur sem til greina komi að sækja efni úr uppfylla ekki allar skilyrði laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, enda efnistaka ekki framkvæmdaleyfisskyld úr þeim öllum og ekki fyrirbyggjandi áætlun um efnistöku.

Ein þeirra náma sem nefnd er í matsskýrslunni er grjótnáman í Geldinganesi. Umhverfisstofnun bendir á að óljóst er með stöðu þeirrar námu vegna breyttra áforma um landnotkun í Geldinganesi, sbr. áætlanir um sameiningu hafna og samþykkt borgarráðs Reykjavíkur. Meðan framtíð þeirrar námu er í óvissu er um leið vanreifað í matsskýrslu hvaða aðrar leiðir eru færar til efnisöflunar (grjótnáms) og um aðfærsluleiðir.

Loftmengun

Umhverfisstofnun bendir á að mati á umhverfisáhrifum er ætlað að sýna áhrif af framkvæmd og rekstri á umhverfið. Svifryk (PM10) hefur skaðleg áhrif og viðmiðunarmörk gilda um magn þess í andrúmslofti. Umhverfisstofnun telur því ófullnægjandi að ekki skuli í matsskýrslu fjallað um áætlaðan styrk svifryks í andrúmslofti umhverfis Sundabraut og aðlægar götur. Umhverfisstofnun bendir á að það hefur enga lögbundna skirskotun að tilgreina í matsskýrslu einungis einn efnisþátt svifryks (fint svifryk úr bifreiðum, PM2,5). Á samráðsfundum Umhverfisstofnunar með fulltrúum framkvæmdaraðila var viðurkennt að slík spá væri erfiðleikum háð en það leysir framkvæmdaraðila ekki undan þeirri skyldu að meta þau áhrif eins og önnur. Ekki síst þar sem þekkt er að svifryk er sá þáttur loftmengunar sem hvað oftast fer yfir viðmiðunarmörk á höfuðborgarsvæðinu.

Umhverfisstofnun telur, þvert á niðurstöðu í matsskýrslu, að með nýjustu gögnum um samsetningu svifryks á höfuðborgarsvæðinu, sem vísað er til á bls. 58 í matsskýrslu, séu gögn til þess að meta svifryksmengun við Sundabraut, Sæbraut og Hallsveg betri en áður. Umhverfisstofnun telur að sýna hefði mátt með dæmum hvernig ástandið geti verið við ákveðnar óhagstæðar aðstæður auk hefðbundinna líkindaviðmiðana.

Í ljósi framanritaðs telur Umhverfisstofnun ekki unnt að fjalla um svifryksmengun í loftmengunarkafla matsskýrslu og fer fram á að framkvæmdaraðili skili gögnum þar að lútandi áður en stofnunin tekur efnislega afstöðu til þessa þáttar.

Framsetning gagna á myndum á bls. 56 í matsskýrslu getur valdið misskilningi þar sem ekki

er reiknuð loftmengun fyrir umferð fyrir utan þrönga afmörkun framkvæmdasvæðis. Þannig lítur út fyrir að mengunin deyi út í framhaldi Sundabrautar og á Sæbraut vestan gatnamóta. Umhverfisstofnun er ljóst að svo er ekki og að hér eru settar fram niðurstöður reikninga á áhrif þeirrar framkvæmdar sem er til umfjöllunar. Með þeim lokuðu ferlum sem sýndir eru á myndunum er þó gefin til kynna röng mynd að raunverulegu ástandi.

Hávaði

Umhverfisstofnun gagnrýnir takmarkaða lýsingu á mótvægisáðgerðum sem áætlaðar eru til að draga úr hávaða við hús sem liggja næst fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Stofnunin bendir auk þess á að ekki er gerð grein fyrir hljóðstigi við efri hæðir eða hvort áætlað sé að draga þar úr áhrifunum. Einnig skortir umfjöllun um leiðir til þess að draga úr dreifingu hávaða í átt að íbúðasvæðum, t.d. með breyttri hæðarlegu vegar, lága veggri rétt við vegi og jafnvel á miðeyju o.fl.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er í reikningum fjallað um hávaða frá hábrú eða aðreinum hennar, heldur eingöngu í kringum gatnamótin beggja vegna (myndir 3.9 og 3.10). Brúin skagar yfir byggðina í Hamrahverfi og er því óheft dreifing hávaða frá henni.

Sundabraut sker útivistarsvæði fyrir norðan Hallsveg (sbr. aðalskipulag Reykjavíkur). Ekkert er rætt um hljóðstig á svæðinu eða um varnir gegn hávaða. Hluti svæðisins lendir utan við mynd 3.10 en á öllu því svæði sem sýnt er fer hljóðstig yfir gildi í reglugerð nr. 933/1999, um hávaða. Athygli vekur einnig að á fyrirhuguðu fyllingarsvæði við Gufunes vestan Sundabrautar er vitað að hljóðstig muni ætíð fara yfir 55 dB(A), en þar er áætlað að reisa íbúðarbyggð. Ekki fæst séð hvernig þessar tvær áætlanir, þ.e. lagning Sundabrautar og íbúðarbyggð á landfyllingu við Gufunes, samrýmast hvor annarri. Umhverfisstofnun bendir á að með eilítið breyttri legu Sundabrautar, hugsanlega á lítilli uppfyllingu mætti bæta til muna hljóðvist í Hamrahverfi og útivistarsvæðinu við Geldinganes, og um leið og gæti þörf á sneiðingum ofan í Gufuneshauga minnkað. Vegurinn lægi þá ekki yfir hugsanlega mengunarpytti í haugunum.

Ekki er lagt mat á hljóðstig umhverfis framkvæmdasvæðið á framkvæmdatíma, t.d. vegna sprenginga, niðurrekstrar staura og/eða þils, aksturs og fleira. Engar mótvægisáðgerðir eru kynntar, engar kvaðir um tíma, s.s. að ekki verði unnið við hávaðamestu framkvæmdir um helgar eða að næturlagi o.s.frv. Ekki eru tilgreindar hvaða leiðir verði notaðar við aðföng eða aukningu hljóðstigs frá þeim. *Umhverfisstofnun telur því að umfjöllun um hljóðstig á framkvæmdatíma sé ófullnægjandi.*

Umhverfisstofnun telur ítarlegri úttekt nauðsynlega á eftirtöldum atriðum áður en stofnunin getur fjallað um áhrif hávaða frá framkvæmdinni:

- *Dreifingu hávaða frá hábrú, sérstaklega með tilliti til Hamrahverfis.*
- *Ítarlegri lýsingu á hljóðvörnum, sérstaklega við hús í Hamrahverfi, og meðfram Sæbraut. Þetta á jafnt við um allar útfærslur.*
- *Fyrirhuguðum aðgerðum til þess að hávaði verði innan marka á útivistarsvæðinu við Gufunes.*
- *Úttekt á kostum og göllum annarra leiða til þess að draga úr hávaða eða útfærslna sem gætu haft áhrif á hljóðstig.*
- *Hljóðstig á framkvæmdatíma.*

Athygli vekur að í umfjöllun um áhrif og mismun leiða I og III kemur fram að annars vegar

verður umferð um Sæbraut og hins vegar um Miklubraut. Þessar götur eru því innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun telur því að æskilegt hefði verið að sýna hávaðadreifingu á þessum götum miðað við mismunandi lausnir.

Dýpkunarefni

Í kafla 3.2.10 í matsskýrslu kemur fram að fyrir framkvæmdir verði gerð rannsókn á mengun í seti í Kleppsvík. Þar segir einnig:

„Ef mengun kemur í ljós, þá verður mengaða setið fjarlæggt og lokað af í landfyllingum í Reykjavíkurböfn. Þannig munu menguð efni ekki gruggast upp. Á framkvæmdartíma verður gruggmyndun lágmörkuð með því að afmarka framkvæmdina við ákveðið svæði á hverjum tíma. Þannig mun einungis hluti Kleppsvíkur gruggast í hvert sinn. Verktaki verður einnig hvattur í útbodsgögnum til þess að nota umhverfsvæna tækni, til dæmis gröfuskíp og pramma í staðinn fyrir dæluskíp.“

Umhverfisstofnun gagnrýnir að í matsskýrslu skuli ekki hafa verið gerð ítarlegri grein fyrir þeim gögnum sem krafist er þegar leyfi er veitt til varps á dýpkunarefni. Stofnunin bendir á að í matsskýrslu skal vera tæmandi lýsing á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og þau atriði sem tekin eru til athugunar við leyfisveitingar á varpi í hafið falla undir þann lið. Í leyfum Umhverfisstofnunar til varps á dýpkunarefni í hafið er ætíð tiltekið hvaða aðferðir skuli notast við gröft. Því verður ekki nægilegt, verði leyfi veitt, að hvetja verktaka við dýpkun til að notast við umhverfsvæna tækni.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að fram komi í matsskýrslu úttekt eða mat á styrk mengandi efna í fyrirhuguðu dýpkunarefni.

Umhverfisstofnun minnir á að samkvæmt lögum nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar þarf leyfi stofnunarinnar til að varpa dýpkunarefni í hafið, sbr. botngangaútfærslu og hugsanlega frá undirstöðum brúa. Stofnunin bendir einnig á að 1. október nk. taka gildi ný lög, nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Hvað varðar varp dýpkunarefnis í hafið er í hinum nýju lögum eilítil formbreyting á leyfisveitingum, sbr. 9. gr. laganna.

Hafnarsvæði

Í matsskýrslu (bls. 81) segir m.a.:

„Báðar leiðir munu skapa góða tengingu milli núverandi hafnarsvæða vestan Kleppsvíkur og framtíðarhafnarsvæða við Eiðsvík. Hversu þýðingarmikil þessi tenging milli hafnarsvæðanna verður, ræðst að hluta til af því hvaða hlutverki framtíðarhöfn í Eiðsvík mun gegna og almennri þróun í vöruflutningum.“

Umhverfisstofnun bendir á að borgarráð Reykjavíkur hefur nýlega samþykkt viljayfirlýsingu tíu sveitarfélaga um sameiningu Reykjavíkurhafnar, Akraneshafnar, Grundartangahafnar og Borgarneshafnar í eitt fyrirtæki frá og með 1. janúar 2005. Í samþykkt borgarráðs segir m.a.:

„Með sameiningu Reykjavíkurhafnar, Akraneshafnar, Grundartangahafnar og Borgarneshafnar, verður ekki lengur þörf fyrir uppbyggingu nýs hafnarsvæðis fyrir Reykjavík í Geldinganesi. Því er skipulags- og byggingarnefnd falið að hefja undirbúning að breytingu aðalskipulags Geldinganes. Þannig verði hluta svæðisins breytt í blandaða byggð, með áherslu á íbúða- og atvinnusvæði.“

Áhrifasvæði framkvæmdar

Umhverfisstofnun gagnrýnir að ekki skuli hafa verið afmarkað á korti næsta áhrifasvæði framkvæmdarinnar, t.d. loft- og hljóðmengun og sjónræn áhrif. Þetta hefði verið hægur leikur t.d. á myndum 1.9 og 1.10.

Sjónræn áhrif

Í matsskýrslu er m.a. fjallað um hugsanlegar útfærslur á útliti hábrúar og eru því gerð ágæt skil. Í matsskýrslu kemur einnig fram að framkvæmdaraðili telur að sjónræn áhrif Eyjalausnar verði mjög lítil vegna þess hve mannvirkin verða lágreist nema hvað ný eyja verði til í Kleppsvíkinni. Hábrúin hafi lang sterkustu sjónrænu áhrifin.

Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um sjónræn áhrif þeirra leiða sem koma til greina sé ekki viðunandi. Stofnunin telur ekki ljóst út frá umfjöllun í matsskýrslu hver verði sjónræn áhrif mannvirkja séð frá útivistarsvæðum í nágrenni vegarins eða íbúðahverfum. Ekki er t.d. fjallað um sjónræn áhrif frá Hamrahverfi eða Rimahverfi vegna brúarútfærslu en brúin mun skaga upp fyrir íbúðahverfið.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrir framan Gufuneshöfðann og norður fyrir Áburðarverksmiðjuna í Gufunesi er áætluð landfylling, sbr. bláa línu á myndum 1.9, 2.1 og 2.13. Samkvæmt henni verður ströndin þar, fyrir neðan bakkana sem þar eru, eyðilögð. Í skýrslunni koma engin rök fram fyrir því hvers vegna lega Sundabrautarinnar er ekki færð niður fyrir bakkann og þannig myndað sjónrænt og hljóðrænt skjól fyrir íbúa Rimahverfis og Hamrahverfis.

Vöktunaráætlun

Umhverfisstofnun bendir á að Sundabraut mun liggja yfir aflagðan sorpurðunarstað í Gufunesi. Urðun þar var að mörgu leyti stjórnlaus og samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar er lítið vitað um hvaða efni eru urðuð þar, nema hvað varðar einstaka „pytti“, s.s. riðupyttur, kjötfjall og stöku spilliefnapytti. Umhverfisstofnun (áður Hollustuvernd ríkisins) hefur ítrekað bent á að gera verði ráð fyrir að þar geti legið smitað kjöt, PCB fylltar oliutunnur, rafgeymar og spennar og þungmálmar. Umhverfisstofnun varar sérstaklega við því að hreyft sé við haugunum nema undir sérstöku eftirliti og að hugsað sé fyrir lausnum um förgun spilliefna sem þar kunna að finnast.

Umhverfisstofnun bendir á að ósamræmis gætir í umfjöllun um hættu af vegagerð um haugana í kafla 3.3.7. Annars vegar kemur fram að hugsanlega eigi að sneiða ofan í urðunarstaðinn og hins vegar að kappkostað verði að grafa ekkert ofan í hann.

Umhverfisstofnun telur að lagning Sundabrautar ofan á Gufuneshaugunum geti leitt af sér margháttuð vandræði, t.d. vegna óstöðugs undirlags rotnandi úrgangs með gasmyndun. Umhverfisstofnun telur að ef Sundabraut verður lögð yfir Gufuneshaugana sé ástæða til að vakta sérstaklega gasústreymi af svæðinu og sigvatn, enda verði þá raskað svæði þar sem ýmis mengunarefni eru urðuð og þangað beint umferð, bæði bílaumferð og umferð gangandi og hjólandi vegfarenda. Því beri að leggja fram vöktunaráætlun sem taki mið af þessum þáttum.

Annað

Auk ofangreinds bendir Umhverfisstofnun á eftirtalin atriði:

1. Með leið III, Eyjalausn, verður lokað fyrir aðkomu að Malbikunarstöðinni Höfða. Í matsskýrslu segir að efnisflutninga malbikunarstöðvarinnar verði að leysa sérstaklega og sé gert ráð fyrir að móttaka biks verði utan þverunarinnar. Í matsskýrslunni kemur hins vegar ekki fram með hvaða hætti þessir efnisflutningar verða leystir né hvort búast megi við aukinni þungaumferð vegna þessa.
2. Í umfjöllun um leið III (Eyjalausn) í matsskýrslu segir m.a. að hafnarstarfsemi innan þverunarinnar muni í framtíðinni víkja fyrir blandaðri byggð samkvæmt aðalskipulagi

Reykjavíkur 2001-2024. Þannig sé nóg að frí hæð undir brú sé 8 m eða þannig að starfsemi smábátahafnar verði ekki fyrir áhrifum. Í matsskýrslunni er hins vegar ekkert greint frá umferð seglskúta og vaknar sú spurning hvort fyrrgreind hæð sé næg til að seglskútur komist þar undir eða hvort einungis sé gert ráð fyrir að vélbátar muni eiga leið undir brú á eyjaleið.

3. Við Eyjalaun er gert ráð fyrir tengingu frá hringtorgi á Gelgjutanga yfir til smábátahafnar í Elliðavogi, sbr. myndir 2.21 og 2.23 í matsskýrslu. Ekki kemur fram í skýrslunni nánari útfærsla á þeirri tengingu, s.s. hvort um er að ræða fyllingu eða brú. Umhverfisstofnun telur að gera verði nánari grein fyrir þessari tengingu og áhrifum hennar, s.s. áhrifum á vatnsskipti.
4. Umhverfisstofnun bendir á að við samanburð á leiðum í kafla 2.6 í matsskýrslu eru mismöguleg gatnamót Skeiðavogs og Sæbrautar (auk gatnamóta við Sundabraut) inni í leið I en á leið III eru einungis sýnd mismöguleg gatnamót við Sundabraut en ekki við Holtaveg. Ekki kemur fram útskýring á þessu.
5. Í umfjöllun um flutning hættulegra efna í matsskýrslu kemur fram að reynt verði að afstýra því eins og kostur er að affall frá hugsanlegu mengunarslysi lendi í sjó. Þrátt fyrir það er ekki gert ráð fyrir hreinsun eða tafgildru afrennslisvatns áður en því er veitt til sjávar, sbr. umfjöllun í kafla 3.2.3.
6. Í matsskýrslu hefði mátt gera betri grein fyrir tveimur mismunandi útfærslum á tengingum við Hallsveg

Aðrir kostir


Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um þann möguleika í matsskýrslu að reisa lágreista brú yfir Kleppsvík samkvæmt leið III. Að mati stofnunarinnar væri rétt að skoða þann valmöguleika enda hefur verið sýnt fram á mikilvægi ósasvæðis Elliðaáanna og Grafarvogs fyrir lífríki, sbr. fyrirbyggjandi rannsóknir. Með þessum valkosti yrði ekki þrengt að ósasvæði Elliðaáa með miklum uppfyllingum og hægt að draga verulega úr hugsanlegum áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki. Einnig yrði dregið úr áhrifum á framkvæmdatíma m.a. vegna gruggmyndunar.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að á grundvelli framlagðra gagna í matsskýrslu sé ekki hægt að meta hvort líkur séu á að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Að mati stofnunarinnar þarf að leggja fram ítarlegri upplýsingar sbr. umfjöllun í einstökum köflum hér að framan til að hægt sé að bera saman umhverfisáhrif þeirra valkosta sem lagðir eru fram til úrskurðar og umhverfisáhrif framkvæmdarinnar í heild sinni.

Virðingarfyllst,


Sigríós Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs